



## **Þema 6. bekkur tímabil 2024-2025**

**Þemu** í 6. bekk eru Vatn og rafmagn, Benjamín Dúfa, Maðurinn hugur og heilsa, Norðurlönd og Snorra Saga.

Íslendingar þurfa, sem hluti af samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi, þar sem umræður og ákvarðanir hversdagsins grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum. Í náttúrugreinum þarf þekkingu, leikni og hæfni til að svo geti orðið. Undir náttúrugreinum í grunnskóla heyrna m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Undir samfélagsgreinar heyrna nú meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, samfélagsfræði, sem afmarkaðir námsþættir eða námssvið eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda.

Markmið kennslunnar í þema er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

### **Kennsluaðferðir**

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í fjóra hópa. Hver kennlustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

### **Námsefni og gögn**

Lífríkið í fersku vatni, Auðvitað heimilið, Náttúrulega, Benedikt Dúfa, Maðurinn hugur og heilsa, Norðurlönd, Snorra saga, ýmis verkefni í tölvu.

### **Námsmat**

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennlustundum og leggur fyrir kannanir, jafningjamat og sjálfsmat. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

**Kennarar:** Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson

